

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Vegir eru hluti af því sem samfélag þarf til að virka og ættu að greiðast af samfélaginu í heild. Veggjöld, sem miðast við að farið sé fram hjá tilteknum punkti með myndavél, verða óhjákvæmilega alltaf ósanngjörn. Til dæmis verður myndavélin sett upp milli heimilis og vinnustaðar hjá sumum en ekki öllum.

Að auki kann skráning yfirvalda á ferðum fólks að varða persónuverndarsjónarmið

Virðingarfyllt

Lilja Karlsdóttir
Víghólastíg 16 Kópavogi